

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Halldóru Jónsdóttur 98 frá Hnjúki í Svarfaðardal“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 15. maí 1950.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Halldóru Jónsdóttur frá Hnjúki í Svarfaðardal.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Halldóru Jónsdóttur frá Hnjúki í Svarfaðardal.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af 6 börnum, 18 barnabörnum og 2 barnabarnabörnum Halldóru Jónsdóttur frá Hnjúki í Svarfaðardalshreppi. Í sjóðinn greiddist árið 1944 kr. 1800.00, árið 1945 kr. 1150.00, auk þess vextir 1949 kr. 407.86, samtals kr. 3357,86, og er það stofnfé sjóðsins.

3. gr.

Leggja skal alla vexti sjóðsins, svo og gjafir og aðrar tekjur, er honum kunna að hlotnast, við höfuðstólinn, unz vextirnir nema kr. 300.00 árlega. Úr því skal $\frac{3}{4}$ hlutum vaxtanna varið árlega til jólaglaðningar fátækra gamalmenna í Svarfaðardalshreppi. Falli úthlutun niður eitthvert ár, vegna þess að ekki virðist þörf fyrir það, þá má veita þess meira eða næstu ár. Þegar ársvextirnir hafa náð kr. 600.00, skal verja $\frac{1}{10}$ hlutum þeirra til úthlutunar.

4. gr.

Stjórn sjóðsins hefur á hendi stjórn kvenfélagsins Tilraun, sem nú nær yfir Svarfaðardals- og Dalvíkurhreppa. Ef kvenfélagið skiptist síðar, skal stjórn kvenfélags þess, sem heimilisfang á í Svarfaðardalshreppi, fara með stjórn sjóðsins. Fari svo að kvenfélagið leggist niður, skal sóknarnefnd Vallasóknar og sóknarpresturinn í Vallaprestakalli, fara með stjórn sjóðsins á sama hátt sem kvenfélagið. Stjórn sjóðsins sér um að ávaxta sjóðinn sem best og mest, og hefur á hendi reikningshald hans. Reikningsárið er almanaksárið. Ársreikningar sjóðsins með fylgiskjölum skulu sendir innanhrepps-endurskoðendum sveitarsjóðsreikningsins til endurskoðunar, og sendir síðan með athugasemdum, ef nokkrar eru, og svörum hreppsnefndar Svarfaðardalshrepps til samþykktar, og birtir almenningi jafnframt sveitarsjóðsreikningnum.

Leita skal staðfestingar stjórnarráðsins á skipulagsskrá þessari.

Hofi í Svarfaðardal, 3. jan. 1950.

Soffía Gísladóttir

e. u.